

**Ed.**

**702. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um lögræði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála allsherjarnefndinni í Nd. um það, að betur fari á því að sleppa tilvitnunum þeim í gildandi lög, sem voru hingað og þangað í texta stjórnarfrumv. Ástæðan fyrir því, að vjer lögðum eigi til að svo væri gert, þegar málið var til meðferðar hjer í deildinni, var sú, að vjer vildum komast af með að breyta svo litlu, sem oss fanst unt; en fyrst að úrfelling tilvitnananna nú er samþykt í háttv. Nd., viljum vjer einnig fúslega samþykkja hana.

Vjer könnnumst og við, að ýmsar aðrar af breytingum þeim, sem gerðar hafa verið í háttv. Nd., eftir tillögum nefndarinnar þar, sjeu fremur til bóta, sjerstaklega ýmsar breytingar við 7., 8. og 16. gr. frumvarpsins.

Aftur á móti getum vjer engan veginn fallist á breytingu þá, sem háttv. allsherjarnefnd Nd. hefir ráðið til að gera á lögnefnum frumvarpsins, þar sem hún hefir tekið upp aftur hinar sömu orðmyndir af hugtökum þeim, sem lagafrv. hljóðar um, og hafnað hefir verið hjer í deildinni með nálega samhljóða

atkvæðum hennar. — Vjer mundum ekki amast við þessari trygð og fastheldni við orðalag stjórnarfrv., ef vjer værum ekki fullkomlega sannfærðir um það, eftir nákvæma yfirvegun, og eftir að hafa ráðfært oss við góða sjerfræðinga í orðmyndan íslenskrar tungu, að þær merkingar, sem nefndin í Nd. vill leggja í orðin *lögræði* og *lögráður* og aðrar samsetningar við endingarnar *-ræði* og *-ráður*, brjóta bág við venjulega máltísku og reka sig, sumpart allóþægilega, á merkingar, sem fastar eru orðnar í málinu.

Endingarnar *-ráður* og *-ræði* eru nálega alstaðar, þar er vjer höfum getað til spurt í venjulegu íslensku máli, skeyttar aftan við orðin, sem þær eru settar saman við, þannig, að orð-samsetningin lýsir því, **hvernig ráðið er**, en ekki hinu, **hverju ráðið er**. Svo er um flestöll eða öll orð af því tægi, sem oss hugkvæmast í svipinn, svo sem um orðin *einráður*, *einræði*; *fáráður*, *fáræði*; *fláráður*, *fláræði*; *skaðráður*, *skaðræði*; *stórráður*, *stórræði* o. s. frv. Yfirleitt eru orðmyndirnar *-ráður* og *-ræði* að eins settar saman við *lýsingarorð*, ekki nafnorð. Til samsetningar við nafnorð, eða önnur orð en lýsingarorð, er aftur á móti höfð fleirtalan af orðinu *ráð*, jöfnum höndum við eða *fremur* en *-ræði*, sbr. orðin *landráð* (upphafli. að ráða landi), *svikráð*, *samráð* o. s. frv., og hafa orðin í þeirri mynd oft alt aðra merkingu heldur en í sambandi við endinguna *-ræði*. Til nafnorðs-endingarinnar *-ráð* (fleirt.) svarar lýsingarorðs-endingin *-ráða*, og er títt, að lýsingarorð sjeu mynduð af nafnorði í sambandi við þá ending, sbr. *fullráða*, *fullaldra*, *fullelda*, *fullafla*, *fullveðja*, *fullvita*, *fulltiða*, *fullvaxta* o. s. frv. Í gildandi íslenskum lögum frá síðari árum hefir verið notað orðið *ófullráða* í merkingunni ómyndugur, er svo hefir verið tíðnefndast til þessa, sbr. lög um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, 11. gr., þar sem talað er um »*sje ófullráða manna*«. Í fullu samræmi við það orðalag er táknanin *ósjálfráða barn*, sem virðist mun viðfeldnara en hugtakið »*ósjálfrátt*« barn eða »*ósjálfræði*«, sem háttv. nefnd í Nd. hefir viljað lögleiða ásamt öðrum orðmyndum stjórnarfrumv.

Þess skal loks getið, að bæði í stjórnarfrumv. og í tillögum háttv. nefndar í Nd. virðist tilfinning fyrir rjettri málmyndan hafa leitt til þess, að þar er rjettillega notað bæði í 3. gr., 5. gr. og víðar orðið *lögráðamaður*, en ekki »*lögræðismaður*«, sem þó virðist sjálfsagt, ef samræmi hefði átt að halda, og á sama hátt í 11. gr. orðið »*ráðamaður*«, ekki »*ræðismaður*«, sem vænta hefði mátt.

Vjer verðum samkvæmt framanrituðu að halda fast við lögnefni þau, er samþykkt voru hjer í deildinni með svo miklum atkvæðamun áður. Þó höfum vjer notað orðmyndina *sjálfráða*, *ósjálfráða*, jafnhliða orðmyndinni *sjálfsráð*, sbr. t. d. sjálfshól, sjálfhælinn. Að öðru leyti aðhyllumst vjer, eins og fyr segir, breytingu háttv. Nd., og bætum að eins við nokkrum smávægilegum orðabreytingum, er vjer hyggjum til bóta. Leggjum vjer því til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Í stað orðsins »*lögræði*« í fyrirsögn frv. komi:  
lögráð.
2. Alstaðar í frumvarpinu, þar sem fyrir koma orðin:  
»*lögræði*«,

»sjálfræði«,  
»fjárræði«,  
»sjálfráður«,  
»fjárráður«,  
»fullráður«,  
»ósjálfráður«,  
»ófjárráður«,  
»ófullráður«

komi í þeirra stað orðmyndirnar:

*lögráð,*  
*sjálfsráð,*  
*fjárráð,*  
*sjálfráða,*  
*fjárráða,*  
*fullráða,*  
*ósjálfráða,*  
*ófjárráða,*  
*ófullráða,*

} Fleirtölumyndir.

hver á sinum stað í beygiföllum þeim, sem við eiga.

3. Í 1. gr. 1. línu komi í stað orðsins »er«:  
eru.
4. Í 10. gr. komi í stað orðsins »úrslita-úrskurði«:  
úrslitadómi.
5. Í 11. gr. 1. málsgrein komi í stað orðanna »lögborinn ráðamaður sje eigi til«:  
lögborins manns njóti eigi.
6. Í 11. gr. síðustu málsgrein komi í stað orðanna »móðir er eigi til«:  
móður nýtur eigi.
7. Í 12. gr. komi í stað orðanna »lög skilji sjerstaklega öðru vísi«:  
öðru vísi sje áskilið að lögum.
8. Í 14. gr. komi í stað orðanna »skal fara samkvæmt ákvæðum laga«:  
fer að lögum.

Alþingi, 19. ágúst 1917.

Magnús Torfason,  
formaður.

H. Hafstein,  
framsögumaður.

Kristinn Danielsson.